



Fréttabréf Brekkuskóla

9. maí 2016
6. tbl. skólaárið 2015- 2016
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

Ágæta skólasamfélag

Hér er á ferðinni síðasta fréttabréf skólaársins og geymir það að venju upplýsingar um síðustu skóladagana hjá okkur. Dagskrá síðustu daganna er með hefðbundnu sniði þar sem við höldum vorgrilldag, hlaupum til styrktar Unicef, tökum þátt í frjálssípróttamóti miðstignemenda í Boganum, höldum Vorskóla fyrir væntanlega nemendur næsta vetur, auk þess sem nemendur fara í vettvangsferðir með kennurum og 10. bekkur fer í útskriftarferð.

Eitt af því sem við vinnum á vorin er að skipuleggja skólastarfið næsta vetur og gengur sú vinna vel. Ekki verður mikið um mannabreytingar hjá okkur í kennarahópnum og við fögnum því að búa við góðan stöðugleika. Við þökkum fyrir veturinn, sjáumst hress í haust eftir yndislegt og endurnærandi sumar!

Góðar kveðjur úr skólanum,
stjórnendur

Siljan 2016

Siljan er myndbandasamkeppni fyrir nemendur í grunnskólum. Það er Barnabókasetur - rannsóknarsetur um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri sem stendur fyrir Siljunni en samkeppnin er styrkt af Barnamenningarsjóði. Markmiðið er að hvetja börn og unglinga til að lesa og tjá sig um bækurnar sem þau lesa; að virkja unga lesendur til jafningjafræðslu og lestrarhvatningar. Okkur hefur svo sannarlega tekist þetta í Brekkuskóla því nemendur okkar gerðu sér lítið fyrir og unnu fyrstu og önnur verðlaun í keppninni. Egill og Arndís hlutu 1. verðlaun fyrir myndina Vetrarfrí, Kristína og Ingunn urðu í öðru sæti. Skólabókasafnið hlaut af þessu tilefni 100 þúsund króna bókaúttekt frá Barnabókasetri Íslands og Félagi íslenskra bókaútgefenda.



Brekkuskólaleikar



Brekkuskólaleikarnir voru haldnir dagana 2. - 4. maí en það er íþróttaviðburður sem byrjaði í tengslum við Comeníusarverkefni sem við vorum aðilar að og snerist m.a. um heilbrigði og hreyfingu.

Þessir leikar eru mis-umfangsmiklir en við höfum ákveðið að á ólympíuleikaári þá höfum við þá stærri og öflugri en minni þess á milli. Nú vill svo til að það er ólympíuár og því voru leikarnir okkar sérstaklega veglegir með setningarathöfn og lokahátíð í Höllinni. Nemendur reyndu á sig í ýmsum greinum eins og sjá má á myndunum á næstu síðu.

Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Svipmyndir úr skólastarfinu

Litla- og Stóra upplestrarkeppnin



Brekkuskólaleikar



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill – maí og júní 2016

1	2 Öfnbakaður fiskur- kartöflur, sósa, salat og ávextir	3 Heitt slátur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	4 Soðinn fiskur, kartöflur rúgbrauð, salat og ávextir	5 Uppstigningardagur	6 Grjónagrautur, slátur og ávextir	7
8	9 Kjötþúðingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	10 Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Frjálsþróttamót í Boga 4. bekkur	11 Kjöt í karrý, kartöflur, hrísgrjón salat og ávextir Frjálsþróttamót í Boga 5. bekkur	12 Fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Frjálsþróttamót í Boga 6. bekkur	13 Súpa brauð, salat og ávextir Frjálsþróttamót í Boga 7. bekkur	14
15	16 Annar í hvítasunnu	17 Kjöt og kjötsúpa, ávextir	18 Grænmetisbuff, salat, sósa og ávextir	19 Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	20 Gúllas, kartöflur, salat og ávextir	21
22	23 Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	24 Lasagne, brauð, salat og ávextir	25 Brauðaður, fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Vorskóli	26 Heimalöguð pizza, salat og ávextir Vorskóli	27 Makkarónusúpa, slátur, salat og ávextir	28
29	30 Hakk, spaghetí, salat og ávextir	31 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	1 Fiskur / kjöt, kartöflur- kenjar kokksins og ávextir	2 Kjöt / fiskur, kartöflur - kenjar kokksins og ávextir	3 Vorgrill Unicef	4
5	6 Skólaslit	7 Starfsdagur	8 Starfsdagur	9 Starfsdagur	10	11



Reiðhjól og hjólaleiktæki

Nemendum skólans er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 7 ára aldri. Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum við skólann. Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað. Umferð reiðhjóla á skólalóð á skólatíma er bönnuð. Umferð annarra hjóla-leiktækja en reiðhjóla á skólalóð miðast eingöngu við frímínútur og hádegi á malbikaða vellinum austan megin við aðalbyggingu. Þessar reglur eiga einnig við um rafhjól og vespur.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir